

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses

Ársreikningur 2025

Efnisyfirlit

| | Bls. |
|----------------------------|---------------|
| Skýrsla stjórnar | 3 |
| Áritun endurskoðanda | 4 - 5 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymi | 8 |
| Skýringar | 9 - 12 |

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses
Þórsstíg 4, Akureyri
Kennitala 660900-2090

Skýrsla stjórnar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Meginstarfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er rekstur endurmenntunarmiðstöðvar í Eyjafirði.

Rekstrartekjur stofnunarinnar á árinu 2025 námu kr. 292,0 millj. en voru kr. 280,8 millj. árið 2024 og hafa hækkað um 4,0% á milli ára. Tap ársins nam kr. 1,1 millj. í samanburði við kr. 10,1 millj. hagnað árið 2024. Heildareignir námu í árslok kr. 104,9 millj. og eigið fé var kr. 79,5 millj.

Hluti af eignum / fjármagni SÍMEY er bundið til að hægt sé að mæta ófyrirséðum breytingum á rekstri miðstöðvarinnar. Til þess hugsað að mæta skuldbindingum til 6 mánaða, varðandi nám og önnur verkefni sem miðstöðin hefur tekið að sér, einnig snýr þetta að launaskuldbindingum gagnvart starfsmönnum. Miðstöðin hefur bindandi húsaleigusamning við leigusala til 31. mars 2033.

Árið 2025 var rekstrarlega krefjandi eins og áður. Rekstrartekjur jukust á milli ára sem er jákvætt, aukning var í námskeiðstekjum en rekstrarkostnaður er hár og árið 2025 einkenndist af talsverðum starfsmannabreytingum sem hafði áhrif á niðurstöðuna.

Í starfseminni tókst að fullnýta þau verkefni er lúta að framhaldsfræðslunni og aukið fé fékkst í málaflokkinn á árinu. Fastur rekstrarsamningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hækkar á milli ára en þessi samningur við stjórnvöld þyrfti að stækka enn frekar og taka breytingum til að auðvelda framgang starfseminnar og minnka áhættu í rekstri. Engu að síður þá er vandséð hvernig framhaldsfræðslan geti sinnt hlutverki sínu sem menntastoð á kröfuhörðum tímum nema veruleg breyting verði þar á umgjörð starfseminnar sem og stutt við hana með fjármagni.

Að öðru leyti er gert ráð fyrir því að rekstur stofnunarinnar verði með svipuðu móti á árinu 2026 eins og hann var á árinu 2025. Á árinu 2025 fluttist umsýsla framhaldsfræðslunnar frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til mennta- og barnamálaráðuneytis, í því gætu falist tækifæri til framtíðar.

Það er álit stjórnar stofnunarinnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun stofnunarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2025 með áritun sinni.

Samþykkt á stjórnarfundi þann 8. apríl 2026.

Stjórn:

Arna Jakobína Björnsdóttir

Alma Oddgeirsdóttir

Anna Júlíusdóttir

Áslaug Felixdóttir

Halla Margrét Tryggvadóttir

Sverrir Gestsson

Þorgeir Rúnar Finnsson

Framkvæmdastjóri:

Valgeir Magnússon

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ses. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2025, efnahag hennar 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ses. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi stofnunarinnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson
Löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|---|-------|-------------|-------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Rekstrarsamningur við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið | | 44.700.000 | 43.449.138 |
| Námskeiðstekjur | | 210.876.654 | 186.681.291 |
| Verkefnatekjur | | 25.475.262 | 38.504.498 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 10.898.972 | 12.183.121 |
| | | 291.950.888 | 280.818.048 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 115.052.832 | 115.484.461 |
| Námskeiðskostnaður | | 96.470.883 | 78.863.194 |
| Verkefnakostnaður | | 7.549.232 | 6.619.226 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 75.842.256 | 72.219.743 |
| Afskriftir | 4 | 2.153.293 | 2.643.708 |
| | | 297.068.496 | 275.830.332 |
| Rekstrarhagnaður (tap) | | (5.117.608) | 4.987.716 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 4.122.817 | 5.070.753 |
| Vaxtagjöld | | (47.135) | (1.369) |
| Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | (94.418) | 84.771 |
| | | 3.981.264 | 5.154.155 |
| Hagnaður (tap) ársins | | (1.136.344) | 10.141.871 |

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýr. | 31.12 2025 | 31.12 2024 |
|------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| Fastafjármunir | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 4 | | |
| Innréttingar | | 6.172.888 | 6.099.577 |
| Áhöld og tæki | | 3.647.825 | 2.938.356 |
| | | <u>9.820.713</u> | <u>9.037.933</u> |
| Fastafjármunir samtals | | 9.820.713 | 9.037.933 |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakröfur | 5 | 17.779.437 | 24.855.932 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 360.172 | 260.005 |
| Handbært fé | | 76.985.215 | 71.118.141 |
| | | <u>95.124.824</u> | <u>96.234.078</u> |
| Eignir samtals | | <u>104.945.537</u> | <u>105.272.011</u> |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 6 | | |
| Stofnfé | | 3.340.732 | 3.202.840 |
| Varasjóður | | 41.722.126 | 40.000.000 |
| Óráðstafað eigið fé | | 34.450.596 | 37.446.958 |
| | | <u>79.513.454</u> | <u>80.649.798</u> |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 7.070.197 | 2.341.828 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 13.039.853 | 16.782.022 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 5.322.033 | 5.498.363 |
| | | <u>25.432.083</u> | <u>24.622.213</u> |
| Skuldir samtals | | 25.432.083 | 24.622.213 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>104.945.537</u> | <u>105.272.011</u> |
| Aðrar upplýsingar | 7 | | |

Sjóðstreymi ársins 2025

| | Skýr. | 2025 | 2024 |
|--|-------|-------------|--------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar): | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | | (1.136.344) | 10.141.871 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 4 | 2.153.293 | 2.643.708 |
| Aðrir liðir | | 0 | 0 |
| | | 1.016.949 | 12.785.579 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 6.976.328 | (12.404.247) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 809.870 | (3.188.302) |
| | | 7.786.198 | (15.592.549) |
| Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) | | 8.803.147 | (2.806.971) |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 4 | (2.936.073) | (4.562.582) |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 5.867.074 | (7.369.553) |
| Handbært fé í byrjun ársins | | 71.118.141 | 78.487.694 |
| Handbært fé í árslok | | 76.985.215 | 71.118.141 |
| Aðrar upplýsingar | | | |
| Greiddir vextir | | (47.135) | (1.369) |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 4.122.817 | 5.070.753 |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Starfsstöðvar stofnunarinnar eru á Akureyri og Dalvík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á námskeiðum og þjónustu. Tekjur af námskeiðum eru færðar í hlutfalli við stöðu námskeiða á uppgjörssdegi. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að stofnunin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörssdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tilliti til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Eigið fé

Stofnfé er endurmetið miðað við breytingu á vísitölu neysluerðs á árinu. Varasjóður er endurmetinn á árinu miðað við sömu vísitölu.

3. Laun og launatengd gjöld

| | 2025 | 2024 |
|---|-------------|-------------|
| Laun | 94.572.843 | 96.060.580 |
| Lífeyrisiðgjöld | 12.453.242 | 12.258.315 |
| Önnur launatengd gjöld | 9.561.909 | 9.908.962 |
| Flutt á verkefna- og námskeiðskostnað | (1.535.162) | (2.743.396) |
| | 115.052.832 | 115.484.461 |
| Meðalfjöldi starfsmanna | 8,7 | 8,7 |

Laun og þóknarir til stjórnar og framkvæmdastjóra námu kr. 16,1 millj. á árinu.

Stofnunin hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Innréttingar | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|--------------|---------------|--------------|
| Bókfært verð í ársbyrjun | 6.099.577 | 2.938.356 | 9.037.933 |
| Viðbót ársins | 929.651 | 2.006.422 | 2.936.073 |
| Afskriftir | (856.340) | (1.296.953) | (2.153.293) |
| Bókfært verð í árslok | 6.172.888 | 3.647.825 | 9.820.713 |
| Bókfært verð í árslok 2025 greinist þannig: | | | |
| Kostnaðarverð | 33.010.375 | 12.635.487 | 45.645.862 |
| Afskrifað samtals | (26.837.487) | (8.987.662) | (35.825.149) |
| Bókfært verð í árslok | 6.172.888 | 3.647.825 | 9.820.713 |
| Afskriftahlutföll | 10% - 20% | 20% - 33% | |

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

| | | |
|-----------------------------------|-------------------|-------------------|
| Viðskiptakröfur greinast þannig: | 31.12 2025 | 31.12 2024 |
| Viðskiptakröfur | 18.439.937 | 25.645.347 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (660.500) | (789.415) |
| | <u>17.779.437</u> | <u>24.855.932</u> |

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign stofnunarinnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | | |
|--|----------------|----------------|
| Staða í upphafi ársins | 789.415 | 1.370.228 |
| Endanleg afskrift tapaðra krafna | (137.332) | (415.813) |
| Framlag í afskriftareikning | 8.417 | (165.000) |
| | <u>660.500</u> | <u>789.415</u> |

6. Eigið fé

Stofnfé

Stofnfé stofnunarinnar er endurmetið í lok hvers árs. Endurmat í árslok tekur mið af breytingu á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun.

Varasjóður

Stjórn félagsins hefur ákveðið, í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 140/2008, að leggja til hliðar fjárhæð sem á að tryggja fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Fjárhæð þessi á að tryggja rekstrargrundvöll stofnunarinnar til sex mánaða. Endurmat í árslok tekur mið af breytingu á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | Stofnfé | Varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|--------------------------|------------------|-------------------|---------------------|-------------------|
| Staða í ársbyrjun | 3.202.840 | 40.000.000 | 37.446.958 | 80.649.798 |
| Tap ársins | | | (1.136.344) | (1.136.344) |
| Endurmat varasjóðs | | 1.722.126 | (1.722.126) | 0 |
| Endurmat stofnfjár | 137.892 | | (137.892) | 0 |
| Staða í árslok | <u>3.340.732</u> | <u>41.722.126</u> | <u>34.450.596</u> | <u>79.513.454</u> |

7. Aðrar upplýsingar

Leigusamningar

Á árinu 2023 endurnýjaði stofnunin leigusamning vegna fasteignarinnar að Þórsstíg 4, Akureyri til 31. mars 2033. Leigugreiðslur samningsins taka mið af vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Framtíðarleigugreiðslur samninga í árslok til næstu fimm ára greinast þannig:

| | |
|--|--------------------|
| Fasteignir, leigutími 1.1.2025-31.3.2033, leigufjárhæð er verðtryggð | 31.12.2025 |
| | <u>176.359.620</u> |

Skýringar

7. Aðrar upplýsingar frh.

Leigusamningar

Greiðslur af leigusamningum stofnunarinnar greinast þannig næstu ár:

| | |
|-----------------|-------------|
| Árið 2026 | 35.271.924 |
| Árið 2027 | 35.271.924 |
| Árið 2028 | 35.271.924 |
| Árið 2029 | 35.271.924 |
| Árið 2030 | 35.271.924 |
| | <hr/> |
| | 176.359.620 |

Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Davið Búi Halldórsson

Stjórnarformaður
Arna Jakobína Björnsdóttir

Stjórnarmaður
Alma Oddgeirsdóttir

Stjórnarmaður
Anna Júlíusdóttir

Stjórnarmaður
Áslaug Felixdóttir

Stjórnarmaður
Halla Margrét Tryggvadóttir

Stjórnarmaður
Sverrir Gestsson

Stjórnarmaður
Þorgeir Rúnar Finnsson

Framkvæmdastjóri
Valgeir Blöndal Magnússon